

Miðvikudaginn 8. júní 1955.

Nr. 82/1954. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónasson)

gegn

**Jóni Val Samúelssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, og var þá framkvæmd heitfesting vitna, sem héraðsdómari hafði látið undan falla.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst fangelsi 18 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hóf eigi réttarrannsókn í máli þessu fyrr en 10 dögum eftir slysið og að meira hefur verið stuðzt við skýrslur lögreglumanna en rétt er samkvæmt 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

### Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Samúelsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1954.**

Ár 1954, mánudaginn 22. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 350/1954: Ákærvaldið gegn Jóni Val Samúelssyni, sem dómtekið var 6. febrúar s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 12. janúar s.l., gegn Jóni Val Samúelssyni verkamanni, Langholtsvegi 15, hér í bæ, fyrir að hafa um kl. 02.00 aðfaranótt sunnudagsins 11. október s.l. ekið bifreiðinni R 2517 með áhrifum áfengis, of hratt og ógætilega frá Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík austur þá götu að Lindargötu 60, ekið bifreið þessari utan í pall vörubifreiðarinnar X 527, sem stóð á móts við Hverfisgötu 54, með þeim afleiðingum, að tveir farþegar í aftursæti bifreiðarinnar R 2517, piltur og stúlka, Birgir Eypórsson, Kambsvegi 31, og Hellen heitin Helgadóttir, Hringbraut 71, bæði í Reykjavík, slösuðust mikið, stúlk-an svo mjög, að hún andaðist litlu síðar, svo og fyrir að aka nefndri bifreið, R 2517, í umrætt skipti ógætilega fram úr öðrum bifreiðum og tvívegis upp á gangbrautir við Hverfisgötu, bæði hægra megin og vinstra megin götunnar, þar sem ákærði ók utan í grindverk, svo og loks fyrir að hafa í framangreint skipti ekið bifreiðinni með óvirkum handhemli.

Teljast brot þessi varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935, 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða, 2. gr., 2. mgr., 3. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. ágúst 1933 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 Uppvís að hlutdeild í innbroti og þjófnaði á sprengiefni.

1947 Kærður fyrir rúðubrot og uppvís að hlutdeild í stórfelldum spellvirkjum í mannlausu húsi.

1948 Kærður fyrir strákapör.

1949 30/12 Uppvís að þjófnaði. Málið sent barnaverndarnefnd Reykjavíkur 10/1 1950.

1950 3/1 Rvík. Uppvís að innbroti. Sams konar afgreiðsla.

1950 31/5 Rvík. Uppvís að þjófnaði á brennivíni. Sams konar afgreiðsla.

- 1951 10/1 Rvík. Sátt. 250 kr. sekt fyrir brot á reglug. nr. 105/1936, sbr. lög nr. 29/1936.
- 1951 3/7 Rvík. Sátt. 30 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 28. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1951 13/7 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1951 5/10 Rvík. Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1951 29/3 Rvík. Dómur. 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1951 6/6 Rvík. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1951 29/10 Rvík. Sátt. 200 kr. sekt, 859 kr. skaðabætur, fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 11. október 1953, kl. 02.06, var lögreglunni tilkynnt, að bifreið, er hefði lent í umferðarslysi, væri við húsið nr. 60 við Lindargötu, hér í bæ. Er lögreglumenn komu á staðinn, reyndist vera um fólksbifreiðina R 2517 að ræða. Lá stúlka, er verið hafði farþegi í bifreiðinni, í götunni við hlið hennar, og slasaður maður sat í aftursæti bifreiðarinnar. Það blæddi úr höfði stúlkunnar, og blóð var hjá henni í götunni. Sjúkrabifreið kom á staðinn, og var framangreint fólk flutt í henni á Landspítalann, þar sem stúlkan, Hellen Helgadóttir, 16 ára að aldri, til heimilis að Hringbraut 71, hér í bæ, andaðist kl. 03.15. Maður sá, er slasast hafði í bifreiðinni, var Birgir Eypórsson, til heimilis að Kamsbævi 31, hér í bæ. Var gert að meiðslum hans. Í nánd við bifreiðina var ákærði í máli þessu, Jón Valur Samúelsson, til heimilis að Langholtsvegi 15, talsvert mikið ölvaður. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni. Ekki virtist hann meiddur, og var hann færður á lögreglustöðina. Við nánari athugun lögreglunnar kom í ljós, að bifreiðin hafði verið á leið inn Hverfisgötu, er slysið varð. Á móts við húsið nr. 58 við nefnda götu, hafði henni fyrst verið ekið aftan á pall vörubifreiðarinnar X 527, sem stóð hægra megin götunnar, og kastað henni áfram 60—70 sm. Þessu næst hafði bifreiðinni verið ekið áfram, sveigt yfir á hægri helming götunnar, ekið þar upp á gangstétt og á grindverk, er brotnaði. Áfram var bifreiðinni ekið inn Hverfisgötu eftir það. Er hún nálgadist veginn, sem liggur niður Vítorg, var henni ekið aftan á bifreiðina R 5403. Þessu næst var henni sveigt niður Vítorg. Er að Lindargötu kom, var bifreiðinni beygt inn í hana til vesturs, og staðnæmdist hún loks við húsið nr. 60. Er bifreiðin R 2517 rakst á bifreiðina X 527, hafði mikill hluti af hægri hlið R 2517 farið af, og lá brak úr bifreiðinni hér og hvar á götunni. Er slysið varð, var dimmt af nóttu, en raflýsing slæm á Hverfisgötu. Þurrviðri var og færi þurrt. Yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, er malbikað. Bifreiðin R 2517 er af Plymouth gerð, smíðuð árið 1938 með vökva-

þrýstihemlum og vinstri hliðar stýri. Bifreiðin var ekki gangfær, en við reynslu í akstri, er hún var dregin af annarri bifreið, kom í ljós, að stýrisútbúnaður og fóthemlar voru í lagi, en handhemill var óvirkur. Bifreiðin hafði verið skoðuð 24/7 1953 og var þá í lagi. Samkvæmt framburði ákærða og vitna voru tildrög slyssins þessi:

Um kl. 21.00 að kvöldi þess 10. október 1953 ók ákærði bifreiðinni R 2517, sem var eign móður hans, heiman að frá sér niður í bæ. Með honum í bifreiðinni voru framangreindur Birgir og Ástþór Guðmundsson, Efstasundi 16. Ekki er komið neitt fram um, að ákærði og menn þeir, er með honum voru, hafi verið farnir að neyta áfengis. Þeir höfðu meðferðis í bifreiðinni eina flösku af ákavíti, sem ákærði og Birgir höfðu keypt í Áfengisverzlun ríkisins fyrir um daginn. Ákærði ók bifreiðinni fyrst nokkuð um bæinn, en staðnæmdist að lokum við „Gosabar“ við Skólavörðustíg um kl. 22.00. Fóru þeir þar inn og keyptu gosdrykki. Er út í bifreiðina kom, settist ákærði í aftursætið hjá Birgi Eypórssyni og bað Ástþór að taka við stjórn bifreiðarinnar. Ástþór ók þeim síðan um bæinn, en ákærði og Birgir tóku að neyta af áfengisflöskunni. Nokkru síðar, eða um kl. 23.00, hittu þeir fyrst Ingólf Magnússon og síðan Baldur Baldursson, Austurgötu 17 í Keflavík, í Austurstræti. Var Baldur nokkuð með áhrifum áfengis og hafði meðferðis fulla flösku af „gini“. Stigu báðir þessir menn upp í bifreiðina, en Ingólfur hafði þar skamma viðdvöl og fór úr bifreiðinni skömmu síðar. Nokkru fyrir kl. 23.30 ók Ástþór bifreiðinni inn að Mjólkurstöð. Var ætlunin að reyna að fá aðgöngumiða þar á dansleik, en er til kom, fengust þeir ekki. Fyrir utan Mjólkurstöðina var Hellen heitin Helgadóttir í fylgd með tveimur stúlkum. Bauð Birgir henni upp í bifreiðina, og þekktist hún boðið. Settist hún í aftursæti bifreiðarinnar við hlið Birgis hægra megin, en til vinstri við Birgi sat ákærði. Baldur sat hins vegar í framsæti bifreiðarinnar við hlið Ástþórs, er ók. Ákærði hefur sagt með nokkuð öðru móti frá þessu. Kveður hann Baldur hafa farið á brott úr bifreiðinni við Mjólkurstöðina, en hann hafi sjálfur sezt í framsætið við hlið Ástþórs. Ákærði kveður þá Birgi hafa lokið að mestu við að drekka úr flöskunni inni við Mjólkurstöð, og drakk hann sjálfur meginíð af innihaldi hennar. Þá drukku þeir og áfengi, er Baldur hafði meðferðis. Kveðst ákærði hafa orðið ofurölvi af drykkjunni við Mjólkurstöðina og síðast muna eftir sér, er Ástþór ók þeim á brott þaðan. Einhvern tíma á tímanum milli kl. 01.00 og 02.00 um nóttina fór Baldur á brott úr bifreiðinni við Lækjartorg. Voru þá ákærði og Birgir talsvert ölvaðir, en hins vegar munu hvorki Hellen heitin né heldur Ástþór hafa neytt áfengis. Við aksturinn um nóttina hafði ákærði verið að stríða Ástþóri, og virðist hafa verið eitthvert ósamkomulag milli þeirra. Er Ástþór var að aka bifreiðinni inn Hverfisgötu, nokkru eftir að Baldur fór brott, og var staddur á móts við Þjóðleikhúsið, kveður Birgir ákærða hafa klippið Ástþór. Leiddi þetta til þess, að Ástþór nam staðar og fór á brott

úr bifreiðinni. Ekki það ákærði hann um að aka meira, og vissi Birgir svo ekki meira, hvað af honum varð. Ástpór kveðst hins vegar ekki hafa farið úr bifreiðinni af missætti við ákærða heldur af því, að hann hafi ætlað að hitta kvenmann, er verið hafði á dansleik í Iðnó. Vildi hann ekki láta ákærða vita um það. Ákærði mun hafa sezt í framsætið við hlið Ástpórs, er Baldur fór á brott, en um það hefur Baldur ekkert viljað fullyrða. Ástpór segir ákærða hafa setið í framsæti, er hann fór á brott, en í aftursæti hafi þau Hellen heitin og Birgir setið. Sat Birgir vinstra megin, en Hellen heitin hægra megin. Skömmu eftir að Ástpór fór á brott, eða um 5 mínútum síðar, kveður Birgir ákærða hafa setzt undir stýri og ekið inn Hverfisgötu. Það er ætlun Birgis, að hann hafi ekið með venjulegum innanbæjarhraða, að minnsta kosti ók hann ekki hratt. Er ákærði hafði ekið nokkurn spöl inn Hverfisgötu, heyrði Birgir skyndilega skell, og brotnuðu rúður í bifreiðinni. Fékk hann högg og missti hálfgerð meðvitund. Bifreiðinni var ekið áfram, og fékk þá Birgir annað högg og missti meðvitund. Man Birgir ekki eftir sér, fyrr en einhver var að tala við hann að slysinu afstöðnu. Ákærði kveðst, eins og áður er frá skýrt, ekkert muna eftir sér, fyrr en slysið var orðið. Hann mótmælti ekki að hafa ekið bifreiðinni, er slysið varð. Kvaðst ekkert um það vita, en taldi það líklegt. Tveir bifreiðarstjórar, er urðu sjónarvottar að slysinu, segja það hafa orðið með þeim hætti, að er aka átti bifreiðinni R 2517 fram úr annarri bifreið, lenti hún hægra megin að framan á vinstra afturhorni vörupalls bifreiðarinnar X 527, er stóð kyrr. Fékk bifreiðin þungt högg og laskaðist stórlega. Kom hár hvellur af þessu, og köstuðust glerbrot og annað brak úr bifreiðinni út í loftið. Var bifreiðinni síðan sveigt til vinstri á götunni og ekið upp á gangstétt og þar á grindverk, er brotnaði. Að því búnu var henni ekið áfram inn Hverfisgötu, og skrölti mikið í henni. Er bifreiðin átti skammt ófarið að veginum, sem liggur niður Vitatorg, var henni ekið aftan á bifreiðina R 5403 með talsverðum þunga. Að því búnu var henni beygt niður Vitatorg og sveigt inn í Lindargötu. Nam hún staðar þar sunnan megin götunnar, er hún hafði skammt farið inn í götuna. Er að var komið, hékk Hellen heitin út um afturdyr bifreiðarinnar hægra megin. Nam höfuð hennar við götuna, en fætur hennar voru fastir inni í bifreiðinni. Var hún með meðvitund, en mikið slösuð og föl yfirlitum. Í aftursætinu sat Birgir Eypórsson og hrópaði hástöfum á hjálp. Kvaðst hann vera stórslasaður. Svo virðist sem ákærði hafi hlaupið upp Vitatorg, er bifreiðin hafði numið staðar. Kom hann þó von bráðar aftur og gaf sig fram. Sagði hann í vitna viðurvist oftár en einu sinni, að hann hefði ekið bifreiðinni. Að sögn vitnanna í máli þessu var ákærði talsvert með áhrifum áfengis og æstur í skapi. Vildi hann ekki, að aðrir hefðu afskipti af þessu. Urðu lögreglumenn, er á vettvang komu, að setja hann í handjárn. Var hann að því búnu færður í fangageymslu lögreglunnar.

Prófessor Niels Dungal, er framkvæmdi skoðun og krufningu á líki Hellenar Helgadóttur 12. október 1953, kveður mjög mikla skemmd hafa fundizt í lifrinni, þannig að hún hafi að miklu leyti verið tætt í sundur og mikil blæðing frá henni verið út í kviðarholið. Þá fundust einnig mörg rif brotin hægra megin og margir áverkar á höfði, einkum á andliti. Hin mikla skemmd í lifrinni hafi skjótlega leitt til bana.

Samkvæmt vottorði Ófeigs J. Ófeigssonar læknis, dagsettu 24. október 1953, hlaut Birgir Eypórsson þessi meiðsli:

„Birgir Eypórsson, Kambsv. 31, kom til mín þ. 13. þ. m. vegna meiðsla, sem hann varð fyrir þann 10. þ. m. Hægri hendi, h. úlfliður og h. framhandleggur framanverður var mikið bólgið og aumt, sérstaklega virtist hægri öln fremst og úlfliðsbein vera aum viðkomu, þó var ekki hægt að greina brot á Röntgenmyndum. 1.5 cm langur samansaumaður skurður var þvert yfir h. handarbak. Naglrót á h. löngutöng var rifin frá naglbeðnum og nokkurt blóð undir nöglinni.

Birgir hefur ennþá bólgu og eymsli á áðurnefndum stöðum og ég tel ekki útilokað, að um beinbrot geti verið að ræða, þó ekki sjáist á Röntgenmyndum“.

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.47% af alkóhóli.

Dr. Helgi Tómasson yfirlæknir, er rannsakaði geðheilbrigði ákærða, komst að þeirri niðurstöðu, að hann væri sakhæfur. Taldi hann ákærða ekki hafa verið það útúr-drukinn, er hann ók inn Hverfisgötu, að það eitt skýri óminni hans, heldur hafi hann haft nokkra vitund, er hann ók inn Hverfisgötu, beygði niður Vitatorg og inn í Lindargötu, þar sem hann nam staðar. En sjáandi hvernig komið var, hafi geðshræringin valdið óminni um tímann frá því, að stúlkan kom inn í bifreiðina.

Það er nægilega sannað með framburði vitnisins Birgis Eypórssonar svo og öðru, sem fram er komið í máli þessu, enda ekki mót-mælt af ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2517 inn Hverfisgötu og niður á Lindargötu í umrætt skipti, en hann var að eigin sögn mikið með áhrifum áfengis og vitni hafa einnig borið það. Samkvæmt framburðum vitna og öðrum gögnum málsins þykir og sannað, að ákærði ók of hratt og ógætilega í umrætt sinn með þeim afleiðingum, að hann ók aftan á pall vörubifreiðarinnar X 527, er hann ætlaði fram úr bifreið, ók síðan upp á gangstétt og á grind-verk, er brotnaði, og síðan áfram og aftan á bifreiðina R 5403, en Hellen Helgadóttir hlaut það alvarleg meiðsli í þessu umferðarslysi, að hún beið skömmu síðar bana, og Birgir Eypórsson slasaðist allverulega. Telst ákærði með þessu gáleysi hafa orðið valdur að dauða Hellenar og meiðslum Birgis. Þá er loks sannað með skoðunarvottorði, að ákærði ók bifreiðinni með óvirkum handhemli.

Með framangreindu atferli sínu þykir ákærði hafa gerzt brot-

legur gegn 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935, 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., 2. mgr., 3. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 og 1. mgr. 28. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en þó þykir rétt, að þeir 70 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi, komi til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 800.00.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærða í máli þessu.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Samúelsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en þeir 70 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi, skulu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.